



## HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

---

### Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Fundur var haldinn í hafnar- og skipulagsnefnd þriðjudaginn 5. maí 2026 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Erla María Lárusdóttir, Reynir Lýðsson, Jóhann G. Sigurjónsson, Ragnar Már Björnsson og Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir.

Þá sátu fundinn Bragi Þór Haraldsson byggingarfulltrúi og Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

Baldur Magnússon hafnarvörður sat fundinn undir 2. dagskrárlið.

Erla María formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

#### 1. Skipulagsmál og byggingamál

##### a) Afgreiðslur byggingafrúa

- i. Samþykkt gluggabreyting og nýjar gönguhurðir á Mánabraut 6 austurhlíð.
- ii. Lokaúttekt á Ránarbraut 2.

##### b) Almenningsmál á Skagaheiði – Þjóðlenda

Fyrir fundinum lá „MERKJALÝSING SVEITARFÉLAGAMÖRK Á SKAGAHEIÐI, SKAGA“

Haldinn var sáttafundur vegna landamerks á Skagaheiði þann 23. sept 2025 á Teams. Þann fund sátu Sigfús Ingi Sigfússon sveitarstjóri Skagafjarðar, Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri Skagastrandar, Pétur Bergþór Arason sveitarstjóri Húnabyggðar, Kári Gunnarsson umhverfis- og landbúnaðarfulltrúi Skagafjarðar og Ólafur Björnsson hrl.

Í nefndri fundargerð sáttafundar segir m.a.

„Við meðferð þjóðlendumála á Skaga fyrir óbyggðanefnd sem lauk með sátt fyrir nefndinni 14. des. 2014, kom fram að umdeilt hefur verið hvar rétt sýslu- og sveitarfélagamörk Skagfirðinga og Húnvetninga á Skagaheiði séu. Óbyggðanefnd tók hins vegar ekki afstöðu til ágreinings um staðarmörk sveitarfélaganna.“

Um er að ræða svæði á heiðinni á milli „Steins á vestara Þverfelli“ og „Þrivörðuhóls“. Ágreiningur hefur verið um hvar staðsetja skuli punkta þar á milli, einkum við Hraunsvatn.“

Fram kemur að fyrir nefndum sáttafundu lágu frammi, áreiðargerð frá 20. og 21. júlí árið 1885 undirrituð



## HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

---

af áreiðarmönnum og uppdráttur dags. 28.03.2025 gerður á Stoð verkfræðistofu ehf. af Birni Magnúsi Árnasyni þar sem sáttalína sé dregin með rauðri brotalínu.

Einnig kemur fram að allir fundarmenn séu sammála um að ljúka þessari deilu og að fulltrúar sveitarfélaganna, er sátu fundinn, myndu leggja fundargerðina fyrir viðkomandi sveitarstjórnir til samþykktar á framangreindri sátt, og fá umboð sveitarstjórna til að ganga formlega frá sáttinni til þinglýsingar. Jafnframt yrði Ólafi Björnssyni lögmanni falið að annast gerð merkjalýsingar fyrir umrætt svæði og fá til þess Stoð verkfræðistofu ehf.

Í framlagðri merkjalýsingu sem byggir m.a. á reglugerð nr. 160/2024 um merki fasteigna kemur fram að um sé að ræða hluta sveitarfélagsmerkja á milli Skagafjarðar (5716) og Húnabyggðar (5613) og Sveitarfélagsins Skagastrandar (5609). Línan sem framlögð merkjalýsing nær til er lína sem liggur milli Steins á vestara Þverfelli og Þrívörðuhóls og byggir hún á nefndri sátt sáttafundar 23. sept 2025. Línan liggur um Almenna á Skaga sem er sbr. úrskurðarorð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2013, þjóðlenda. Hnitsettur afstöðuuppdráttur nr. S01, í verki nr. 56233101, dags. 20. mars 2026 og merkjalýsing dags. 20. mars 2026 unninn hjá Stoð verkfræðistofu ehf., gera grein fyrir legu nefndrar merkjalínu. Þá kemur fram í merkjalýsingu að með undirskrift sinni staðfesti aðilar umrædda merkjalínu og að hún sé ágreiningslaus.

Skv. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er óheimilt að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til og ný afmörkun samræmist gildandi skipulagsáætlun, sbr. einnig 6. gr. b. I. kafla A í lögum nr. 6/2001 um skráningu, merki og mat fasteigna.

Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir að vísa staðfestingu á fyrrgreindum sveitarfélagamörkum til staðfestingar sveitarstjórnar, sbr. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eins og þeim er lýst í meðfylgjandi gögnum.

### **c) Ræktunarlönd**

#### **i. Breyting á Reglum um úthlutun og leigu á beitar- og ræktunarlandi (túnun) í eigu Sveitarfélagsins Skagastrandar**

Fyrir fundinum lágu tillögur að breytingum á reglum um úthlutun og leigu á beitar- og ræktunarlandi í eigu sveitarfélagsins.

Breytingarnar sem um ræðir lúta að yfirfærslu leiguréttar á ræktunarlöndum við sölu á mannvirkjum sem reist hafa verið á viðkomandi löndum. Ekki er fyrir að fara almennri heimild til þess að byggja mannvirki á ræktunar- og beitarlöndum og gildir þetta því aðeins um þau lönd og þær fasteignir sem búið er að reisa á umræddum löndum við staðfestingu þessara reglna. Breytingin felur í sér að hafi



## HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

---

leigutaki reist mannvirki á leigðu landi sem hann selur, þá fylgi leigurétturinn samhliða eignarétti á umræddri fasteign svo framarlega sem nýr eigandi uppfyllir þau almennu skilyrði sem fram koma í reglunum. Verður þá gerður nýr leigusamningur við nýjan eiganda á grundvelli gildandi reglna.

Þá er um að ræða breytingu er lýtur að yfirfærslu leiguréttar við andlát leiguhafa og er lagt til að við andlát geti maki tekið við leigurétti á þeim löndum sem um ræðir en að öðrum kosti renni landið aftur til sveitarfélagsins til endurúthlutunar, enda ekki að fara fyrir almennum erfðarétti. Undir skilgreiningu á maka skv. reglunum fellur sá aðili sem skráður er í sambúð eða hjúskap við þann sem fer með leiguréttinn.

Þá er lögð til breyting er felur í sér að leigutími á ræktunarlöndum verði lengdur úr 3 árum í 5 ár.

Voru breytingartillögurnar bornar upp til samþykktar og staðfestar samhljóða af nefndinni með fimm greiddum atkvæðum. Var málinu vísað til fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar.

### 2. Hafnarmál

#### a) Afmörkun hafnarsvæða og endurskoðun hafnarreglugerðar

Með lögum nr. 93/2024 um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003, voru endurskoðuð ákvæði um afmörkun hafnarsvæðis allra hafna landsins. Fyrir fundinum lágu leiðbeiningar frá Innviðaráðuneytinu frá því í mars 2026 en leiðbeiningum er ætlað að tryggja samræmda afmörkun hafnarsvæða á Íslandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II við hafnalög skulu eigendur hafna senda innviðaráðuneyti endurskoðuð ákvæði í hafnarreglugerðum um stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó, með hliðsjón af nýjum viðmiðum, eigi síðar en 1. janúar 2027.

Hafnir eru beðnar um að senda ekki uppfærslu annarra ákvæða samhliða þessum. Þá er þess vænst að hafnir sendi endurskoðuð ákvæði um afmörkun hafnarsvæðis í hafnarreglugerðum svo fljótt sem kostur er á. Drög að öðrum breytingum á hafnarreglugerðum sendist sérstaklega.

Baldur Magnússon hafnarvörður fór yfir drög að breytingum bæði á afmörkun hafnarsvæðis og hafnarreglugerð Skagastrandarhafnar nr. 34/2006 sem lagðar voru fram til kynningar.

### 3. Önnur mál

Ekkert mál tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:50